

Origo hf. – Breytingar á kaupréttum vegna hlutafjárlækkunar

Kaupréttarsamningarnir eru veittir í því skyni að samtvinnu hagsmuni félagsins og lykilstarfsmanna til lengri tíma. Skilmálar kaupréttarsamninganna eru í samræmi við kaupréttarkerfi sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 6. mars 2020 og starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 3. mars 2022.

Á hluthafafundi Origo hf. þann 1. desember 2022 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um að lækka hlutafé félagsins með greiðslu til hluthafa. Samþykkt var að lækka hlutafé félagsins úr kr. 435.000.000 í kr. 140.000.000.

Lækkunin nam kr. 295.000.000 að nafnverði. Samtals var kr. 24.000.000.000 greiddar til hluthafa hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu í lok dags 8. desember 2022.

Á fundi stjórnar Origo hf. þann 26. maí 2021 var ákveðið að veita tilteknum lykilstarfsmönnum félagsins kauprétti að allt að 16.500.000 hlutum í félaginu, þar af 7.440.000 til framkvæmdarstjórnar.

Á fundi stjórnar Origo hf. þann 26. maí 2022 var ákveðið að veita tilteknum lykilstarfsmönnum og forstöðumönnum félagsins kauprétti að allt að 3.390.000 hlutum í félaginu.

Innlausnarverð kaupréttanna frá 2021 er kr. 51,7 á hlut og frá 2022 er kr. 63 á hlut og skal kaupverð hlutanna leiðrétt fyrir arðgreiðslum sem kunna að vera ákveðnar á ávinnslutíma kaupréttanna. Jafnfram getur kaupréttarsamningarnir tekið breytingum ef breytingar verða á nafnverði hlutafjár hjá Origo hf.

Breytingar hafa verið gerðar á kaupréttarsamningunum sem endurspeglar ofangreinda lækkun á hlutafé félagsins.

Innlausnarverð kaupréttanna er nú kr. 1 á hlut annars vegar 24,3 hinsvegar.

Í kjölfar hlutafjárlækkunarinnar nemur heildar fjöldi útistandandi kaupréttanna sem Origo hf. hefur veitt lykilstarfsmönnum sínum 5.615.680 hlutum eða um 4% hlutafjár í félaginu. Kaupréttir sem hafa verið veittir stjórnendum (framkvæmdastjórn) Origo hf. eru sem hér segir:

Nafn	Staða	Útistandandi kaupréttir	Hlutafjäreignfjárhagsleg tengdra aði	Hlutafjäreignfjárhagsleg tengdra aði
Jón Björnsson	Forstjóri	299.460	180.230	112.386-
Gunnar Petersen	Framkvæmdast. Fjármála	299.460	252.921	-

Dröfn Guðmundsdóttir	Framkvæmdast. Mannauðssviðs	299.460	33.966	-
Ingimar Guðjón Bjarnason	Framkvæmdast. Viðskiptalausna	299.460	96.426	-
Hákon Sigurhansson	Framkvæmdast. Hugbúnaðalausna	299.460	90.743	-
Örn Þór Alfreðsson	Framkvæmdarst. Þjónustulausna	299.460	45.637	-

Heildarkostnaður félagsins vegna breytta kaupréttarsamninga sem hér er tilkynnt er óbreyttur mv. áður tilkynnta samninga frá því í maí 2021 og maí 2022 eða 134 mkr á næstu 4 árum byggt á reiknilíkani Black-Scholes og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Viðhengi

Origo hf. – Breytingar á kaupréttum vegna hlutafjárlækkunar